

Gerð handbókar

Þegar félag /deild gerir sér handbók þá sem stuðst er við þegar sótt er um að gerast Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, er mikilvægast að gera bókina þannig að hún nýtist félaginu sem best í starfi, jafnt stjórnarmönnum, iðkendum sem öðrum félögum. Þar þarf að koma skýrt fram markmið félagsins/deildarinnar og hvernig hinu innra starfi er háttað. Mikilvægt er að handbókin sé aðgengileg öllum þeim sem koma að störfum deildarinnar, flest félög/deildir eru með virka heimasíðu, þar sem gott að hafa handbókina, auðvelt að uppfæra, bæta og breyta. Gott er að hafa efnisyfirlit, þar sem hverjum þætti gæðastarfsins er gerð skil:

Inngangur

Í inngangi er komið að sögu félagsins/deildarinnar, hvernig vinnan fór fram og fl:

Dæmi:

Saga félags í stuttu máli, félaga- iðkendafjöldi.

Handbók þessi er unnin af stjórnendum og yfirþjálfurum **nafn félags/deildar** og er hún hugsuð sem hjálpartæki fyrir deildina. Einnig höfum við sett okkur það markmið að öðlast viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag og er þetta aðeins byrjunin. Þessi handbók þarf alltaf að vera í endurskoðun. Hér neðar má sjá hugmyndir ÍSÍ varðandi gæðaverkefnið fyrirmyndarfélag og munum við leitast við að ná sömu markmiðum og þar koma fram innan næstu áraum, mælt er með að félagið/deildin taki fyrir 1 – 2 þætti á ári sem þau leggja sérstakan metnað í að gera betur í sínu starfi.

1. Að sem flestir í félaginu, aðalstjórn, unglingaráð, foreldraráð og aðrar nefndir, setjist niður og ræði málefni félagsins/deildarinnar. Nauðsynlegt er að allir miðli reynslu sinni, þekkingu og skoðunum til að ná fram sem bestum árangri í starfinu. Magn þeirra gæða sem síðan nást innan hvers íþróttafélags er háð vilja félagsmanna og vinnulagi þess. Því fleiri sem taka þátt, því meiri möguleiki er á því að vel gangi hjá félaginu. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og því er mikilvægt að allir taki þátt í þessari vinnu og samræmi markmið sín og vinnuaðferðir.
2. Að félagið/deildin vilji gera betur en það gerir í dag og því er nauðsynlegt að meta starfið í heild sinni, kosti og galla, tækifæri og ógnanir. Alltaf er hægt að gera gott félag betra.
3. Að bæta ímynd félagsins/deildarinnar. Því er nauðsynlegt að meta hvern þátt gæðaviðurkenningarinnar út frá því:
 - * hvað erum við að gera í dag?
 - * hvað ætlum við að bæta, að hverju ætlum við að snúa okkur,?
 - * hvernig ætlum við að komast þangað, ná okkar markmiðum?
 - * hver ber ábyrgð á hverjum þætti?
 - * hvenær á viðkomandi þætti að vera náð?

Hugsjón Ólympíuhreyfingarinnar er falin í orðunum **Citius – Altius – Fortius** sem á íslensku útleiggst **hraðar – hærra – sterkar**. Þessi þrjú orð hafa í gegnum árinu fyrst og fremst átt við íþróttamanninn (iðkendann) en geta mjög gjarnan átt við félag/deild í heild sinni, því í gegnum gæðaverkefnið getur félag/deild orðið **betra – sterkara – lífskröftugra**.

Heimurinn er í stöðugri þróun og þar er starf og starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar ekki undanskilið. Því er mikilvægt að markmið og starf félagsins/deildarinnar sé í stöðugri endurskoðun. Það sem gert er í fyrstu atrennu þarf ekki að vera fullkomið því að allt þróunarstarf tekur sinn tíma. Þó svo að félag hljóti viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag er ekki þar með sagt að félagið getið andað léttar og tekið lífinu með ró.

Gæðaviðurkenningin á að kalla á virkara eftirlit almennings, foreldra, forystumanna sveitarfélaga og iðkenda sjálfra og því er nauðsynlegt fyrir stjórn hvers félags/deildar að halda vöku sinni og vera stöðugt með hugann við starfið. Gæðaviðurkenning er veitt til fjögurra ára og þarf þá að sækja um á nýjan leik en félag sem hlýtur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag þarf að skila inn á hverju ári skýrslu um starfið.

1. Skipulag félags og deildar

- | | | |
|---|----|-----|
| a) Skipurit er til staðar: | já | nei |
| b) Markmiðssetning félags/deildar er skýr: | já | nei |
| c) Ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða hefur á annan hátt áhrif á starf félagsins, s.s. ungmennaráð: | já | nei |

Uppstening á skipurit er mikilvæg og gott að nota tækifærið og fara yfir það, setja fram hvert verkefnið hverrar deildar/nefndar. Áhrif og boðleiðir.

Seja í lög félagsins fulltrúa ungukynslóðarinnar hvort sem er fulltrúi eða áheyrnarfulltrúi.

Fylgiskjal: Skipurit.

Nafnalisti stjórnarmanna, staðfesting á fulltrúa 16-25 ára.

2. Umgjörð þjálfunar og keppni

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga: | já | nei |
| b) Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldurflokki fyrir sig: | já | nei |

Fylgiskjal; Kennslu og æfingaskrá

3. Fjármálastjórn

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið: | já | nei |
| b) Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir: | já | nei |
| c) Laun þjálfa eru samræmd: | já | nei |
| d) Þjálfarar eru launþegar: | já | nei |

Fylgiskjal: Rekstrarreikningur og samþykkt frjárhagsáætlun starfsársins

4. Þjálfunarmenntun

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ: | já | nei |
| b) Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða: | já | nei |
| c) Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfa: | já | nei |

Fylgiskjal: listi yfir þjálfa og menntun þeirra

5. Félagsstarf

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir: | já | nei |
|--|----|-----|

Fylgiskja: Atburðatal félagsins/deildarinnar

6. Foreldrastarf

- | | | |
|---|----|-----|
| a) Verksvið foreldraráða er skilgreint: | já | nei |
|---|----|-----|

7. Fræðslu og forvarnarstarf

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum: | já | nei |
|--|----|-----|

8. Jafnréttismál

- | | | |
|--|----|-----|
| a) Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar: | já | nei |
| b) Aðskilið er í bókhaldi hve mikið fé rennur til stúlkna og hve mikið til drengja: | já | nei |

9. Umhverfímál

a) Félag/deild hefur mótaða stefnu: já nei

Áætlunargerð fyrir umsókn:

1. Stjórn félags/deildar tekur ákvörðun um að sækja um að gerast Fyrirmyndarfélag.
2. Safna saman þeim gögnum (skipurit, sögum, reglum, samþykktum ofl.) sem til eru hjá deildinni, aðalstjórn félagsins, héraðssambandi og sérsambandi.
3. Halda vinnufundi þar sem farið er yfir það sem til er og setja upp lista yfir það sem vantar uppá, finna leið til að vinna að verkefninu.
4. Bera umsóknina undir aðalstjórn félagsins og fá hana samþykkt þar.
5. Senda umsókn í tölvutæku formi til ÍSÍ.
6. Finna stað og stund til afhendingar í samráði við ÍSÍ og viðeigandi aðila.



Kveikjan



Betra starf = Endurskoðun og áframhand





Vinnuferill

1. Ákvörðunartaka – kynning _____ dags
2. Safna gögnum _____ dags
3. Halda vinnufundi _____ dags
4. Bera umsóknina undir aðalstj. _____ dags
5. Senda umsókn til ÍSÍ _____ dags
6. Ákvörðun um afhendingu _____ dags

■ Með í ráðum:

- Aðalstjórn
- Hérðassamband
- Íþróttabandalag
- sveitarfélag

■ Aðstoð frá ÍSÍ:

- Kynning:
- Ráðgjöf
- Yfirferð
- afhending



Gátlisti v/ Gæðaverkefni

1. Skipulag félags/deildar:

- d) Skipurit er til staðar: já nei
- e) Markmiðsetning félags/deildar er skýr: já nei
- f) Ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára á fulltrúa/áheyrnaraðila í stjórn félagsins eða hefur á annan hátt áhrif á starf félagsins, s.s. ungmennaráð: já nei

2. Umgjörð þjálfunar og keppni:

- c) Starfað er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga: já nei
- d) Félagið/deildin hefur látið útbúa kennslu- og æfingaskrá þar sem fram koma markmið þjálfunar í hverjum aldurflokki fyrir sig: já nei

3. Fjármálastjórn:

- e) Bókhald yngri og eldri flokka er aðskilið: já nei
- f) Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið liggur fyrir: já nei
- g) Laun þjálfara eru samræmd: já nei
- h) Þjálfarar eru launþegar: já nei

4. Þjálfaramenntun:

- c) Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ: já nei
- d) Aðstoðarþjálfarar eru til staðar ef um stóra hópa er að ræða: já nei

c) Samráðsfundir eru haldnir á meðal þjálfara:	já	nei
5. Félagsstarf:		
b) Áætlun um félagsstarf liggur fyrir:	já	nei
6. Foreldrastarf:		
b) Verksvið foreldraráða er skilgreint:	já	nei
7. Fræðslu- og forvarnarstarf:		
b) Félag/deild hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum:	já	nei
8. Jafnréttismál:		
c) Félag/deild sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar:	já	nei
d) Aðskilið er í bókhaldi hve mikið fé rennur til stúlkna og hve mikið til drengja:	já	nei
9. Umhverfismál:		
b) Félag/deild hefur mótaða stefnu:	já	nei

Gangi ykkur vel við að gera félag ykkar að Fyrirmyndarfélagi, sem á eflaust eftir að skila sér í markvissara og betra starfi.